

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 28.08.2019, kl. 17:15

Mættir: Ásta Kristjánsdóttir, Gunnar Berg Viktorsson Jóhannes Egilsson, Sigurður Bjarnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir,
Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Forfallaðir: Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir,

Fundagerð:

formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð síðasta stjórnarfundar maí 2019

Niðurstaða: fundagerð samþykkt

2. **Nefndarvinna - stefnumótun**

Farið var yfir hver væri í ábyrgð fyrir hvaða nefnd og verkefni sem falla undir hana.

Niðurstaða: Stjórnarmenn hafa fram að næsta fundi til að hafa samband við fólk og stilla upp nefnd sem vinnur að þeim málaflokki og málefnum sem henni var úthlutað.

3. **Kynning fyrir Garðabæ**

Meirihluti Garðabæjar hefur óskað eftir kynningu og fundi með Stjörnunni þar sem forsvarsmenn félagsins kynna starfsemi félagsins og framtíðarsýn og stefnu félagsins til næstu ára.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóri byrjar að setja upp beinagrind af kynningu sem aðrir stjórnarmenn geta svo unnið áfram með framkvæmdastjóra.

Önnur mál

- Markmannsmál í mfl kk í handbolta

Beiðni kom frá mfl kk um að semja við nýjan markmann á þeim forsendum að samþykkja þyrfti hækkun á leikmannakostnaði í áætlun þeirra.

Niðurstaða: beiðninni var hafnað og Gunnari Berg og Sigurði falið að vinna með formanni mfl ráðs kk í handbolta að viðunandi lausn.

fundur var slitið kl. 18:00, Ritað ÁÍÞ

